

74. fundur íþrótt- og tómstundarnefndar haldinn 26 september 2019 í Kirkjubæjarskóla kl. 20:00

Mættir voru undirritaðir fulltrúar nefndarinnar

Z lista menn boða forföll samdægurs, bæði aðalmaður og varamaður.

Herdís Huld Guðveigardóttir ritar fundargerð

Unnar Blandon formaður setur fundinn.

1. Fjárhagsáætlun:

A Félagsmiðstöð:

- Óskað eftir styrk upp á 100.000 fyrir húsgögnum
- Bætt verði við sumarstarfi í félagsmiðstöðinni, að félagsmiðstöð yrði haldin 1x í mánuði (júní, júlí, ágúst) fyrir 8-10 bekk.

B 17. Júní styrkur

- Hafa styrk áfram 400.000 kr

Sigmar Helgason forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar mætir

C Útisvæði

- Við viljum að keyptar verði frisbígolf körfur, 9 stk samtals. Heilsárskarfa með undirstöðu kostar 110.000 kr. með vsk. Leggjum við til að keyptar verði þrjár körfur með undirstöðum árið 2019, þrjár körfur árið 2020 og svo þrjár körfur 2021.
- Strandsblaksvöllur tveir vellir og verði fyrir neðan íþróttahús
- Göngustígur/skokkstígur
- Útiæfingavöllur/hreystivöllur sem almenningur getur notað ásamt skóla til íþróttakennslu/þjálfunar.
- Útileiksvæði fyrir börn.
- Útigrill svæði fyrir fjölskyldur og ferðamenn.

D Ný gjaldskrá fyrir tækjasal:

- Kortum í tækjasal verður breytt, sund verður tekið af klippi kortunum en verður inni í þriggja mánaða korti og árskorti.
- Árskort í tækjasal + sund hækkar í 50.000kr
- Þriggja mánaðakort í tækjasal + sund bætist við gjaldskrá, 36.000kr

E Sundlaugarsvæði.

*H.GH
WES
SJS*

- Aðsókn í íþróttarmiðstöðina er að aukast frá ári til árs þannig að, að okkar mati er brýn nauðsyn að huga að aukinni afpreyingu innan sundlaugarsvæðisins ásamt viðhaldi og nýungum.
- Rennibraut, stór
- Kaldur pottur.
- Huga þurfi að því að gera áhaldageymslu fyrir sundlaugina.
- Huga þarf að því setja leikjadót/tæki í barnavaðlaug.
- Færa grindverk nær skóla
- Setja gufubað.
- Settar verði upp aðgangsstýringar við afgreiðslu.

F Frjálsíþróttavöllur

- Við leggjum til að uppgröftur framkvæmda á Kirkjubæjarklaustri verði notaður sem uppfyllingar efni frjálsíþróttavallar. Að því loknu verði farið á fullt að byggja upp frjálsíþróttavöllinn.


G Sorpbrennsla

- Við leggjum til að gert verði milli loft í sorpbrennsluna svo að íþróttahúsið getið stækkað líkamsræktaraðstöðuna og útbúin verði opin rými sem hægt verður að nýta til zumba-yoga-, fitnesstíma og/eða annarra hluta.
- Gerð verði viðbygging við núverandi líkamsræktarsal þar sem hægt verði að útbúa Spa rými.

Fundi slitið 21:20


Unnar Blandon

Guðmundur Fannar Markússon


Herdís Huld Guðveigardóttir


Sigmar Helgason